

Tillaga um eflingu og nýtingu borgarbúskaps í félagslegu samhengi

Lagt er til að greina tækifæri til að efla enn frekar borgarbúskap í borginni og styðja við myndun samfélaga í kringum ræktun í þéttbýli. Skoðað verði hvernig hægt væri að auðvelda og/eða hvetja fjölbýlishús til að nýta sínar lóðir í þessum tilgangi. Sérstaklega verði skoðað hvernig hægt er að stuðla að inngildingu og vinna gegn einmannaleika og einangrun með borgarbúskap og styðja samheldni innan hverfa, nágretta og hópa. Metið verði hvernig hægt er að nýta aðferðir sem hafa gefist vel innanlands og erlendis í þessu samhengi.

Greinargerð:

Í meirihlutasáttmála er kveðið á um fjölgun matjurtar- og fjölskyldugarða í borginni. Þar kemur ennfremur eftirfarandi fram: „Við viljum að borgarskipulag stuðli að því að efla tengsl á milli íbúa til að vinna gegn einmannaleika“. Í leiðbeiningum með hverfisskipulagi er fjallað um borgarbúskap og gert ráð fyrir að hægt sé að sækja um leyfi til matjurtarræktunar á borgarlandi. Á norðurlöndunum hafa skapast skemmtileg samfélög í kringum borgarbúskap og þekktir eru svokallaðir kotgarðar (dk: kolonihave) innan þéttbýlismarkanna. Vert er að leita tækifæra til að nýta okkur aðferðir sem hafa gefist vel í nágrennalöndunum í þessu samhengi. Þá skal draga lærdóm af því sem hefur vel verið gert innanlands sömuleiðis. Reykjavíkurborg fékk í samstarfi við fleiri aðila Evrópustyrk til að ráðast í verkefnið GreenINCities sem fjallar um tengsl milli matjurtarræktunar og inngildingar í takt við sjálfbæra þróun og reynsla af því verkefni gæti skapað mikilvægan grunn fyrir næstu skref. Fyrirkomulagið í Seljagarði hefur gefist vel og af því má læra sem og skoða tækifæri til að efla enn frekar.